

**Ed. 689. Breytingartillögur [126. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. l. nr. 78/1977.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, JK, EgJ; VI).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
5. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 78/1977, er verður 4. gr. þeirra (sbr. 14. gr. laga nr. 3/1986), orðast svo:

**A.**

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, skal frá og með árinu 1986 greiða árlega þungaskatt sem hér segir:

Fyrir bifreiðar, sem eru allt að 1000 kg að eigin þyngd, skal greiða árgjald að fjárhæð 36 000 kr. Sé eigin þyngd bifreiðar 1000 kg til 2000 kg skal árgjaldið vera 46 016 kr. Ef eigin þyngd bifreiðar er 2000 kg eða meiri skal árgjaldið hækka um 2633 kr. fyrir hver 200 kg eða minna sem eigin þyngd hennar er meiri en 2000 kg.

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir.

Eigendur bifreiða, er um getur í 1. mgr., geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli, sbr. B-lið þessarar greinar, í stað árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera hið sama og innheimt er af bifreiðum sem eru að leyfðri heildarþyngd 4,0–4,9 tonn.

**B.**

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal þungaskattur greiddast í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli og koma í stað árlegs þungaskatts samkvæmt A-lið þegar bifreiðar eiga í hlut. Af tengi- og festivögnum, sem eru 6000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt.

Kílómetragjald samkvæmt 1. mgr. þessa staflíðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0– 4,9	2,47	15,0–15,9	5,25
5,0– 5,9	2,63	16,0–16,9	5,67
6,0– 6,9	2,84	17,0–17,9	6,08
7,0– 7,9	2,98	18,0–18,9	6,45
8,0– 8,9	3,11	19,0–19,9	6,94
9,0– 9,9	3,25	20,0–20,9	7,31
10,0–10,9	3,45	21,0–21,9	7,73
11,0–11,9	3,58	22,0–22,9	8,22
12,0–12,9	4,03	23,0–23,9	8,61
13,0–13,9	4,41	24,0–24,9	9,00
14,0–14,9	4,88	25,0 og þyngri	9,44

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra ákveðið að gjaldskylda bifreiðar, festi- eða tengivagns miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd, svo sem ef leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldið skuli vera allt að 70% lægra fyrir akstur fólksflutningabifreiða sem sannanlega á sér stað vegna sérleyfisaksturs eða aksturs almenningsvagna í þéttbýli.

Ráðherra er og heimilt að ákveða að veittur skuli allt að 10% afsláttur af þungaskatti innheimtum samkvæmt öikumæli (kílómetragjaldi) sem fellur á akstur vöruflutningabifreiða, þ.m.t. festi- og tengivagna, umfram 25 000 km á ári, allt að 20% afsláttur af akstri þessara ökutækja umfram 35 000 km á ári og allt að 50% afsláttur af akstri þeirra umfram 45 000 km á ári. Af akstri annarra bifreiða má afsláttur þessi nema allt að 10% af akstri umfram 25 000 km á ári og allt að 20% af akstri umfram 45 000 km á ári.

Öikumælar skulu settir í bifreiðar, festi- eða tengivagna á kostnað eigenda þeirra. Um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit skal kveðið á í reglugerð.

Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að öikumælisskyld bifreið, festi- eða tengivagn séu útbúin öikumæli enda fari ákvörðun þungaskatts fram á annan jafntryggan hátt.

### C.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og eigi er ætlað að vera héraðis lengur en fjóra mánuði í senn, skal greiða þungaskatt samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra í reglugerð. Sama á við um tengi- og festivagna sem að leyfðri heildarþyngd eru 6 tonn eða meira og skrásettir eru erlendis. Við ákvörðun fjárhæðar þungaskatts af gjaldskyldum ökutækjum samkvæmt þessum staflið skal höfð hliðsjón af fjárhæð þungaskatts samkvæmt A- og B-liðum þessarar greinar eftir því sem við á.

Sé bifreið, sem skrásett er erlendis, lengur hér á landi en fjóra mánuði í senn skulu ákvæði A- og B-liða þessarar greinar gilda um hana eftir því sem við getur átt.

#### 2. Á eftir 2. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Við 6. gr. laganna, er verður 5. gr. þeirra, bætast tvær nýjar mgr. er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að fella niður þungaskatt samkvæmt 4. gr. af bifreiðum sem nota innlenda orkugjafa í tilraunaskyni, þó aldrei lengur en í eitt ár. Þá er honum heimilt að kveða svo á að af bifreiðum þessum skuli greiða að tilraunátímabilinu loknu allt að 50% lægri þungaskatt en kveðið er á um í 4. gr.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar sker ráðherra úr.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

7. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 78/1977, er verður 6. gr. þeirra, orðast svo:

Bensíngjald samkvæmt 1. gr., þungaskattur samkvæmt A- og B-liðum 4. gr. og dagsektir samkvæmt 7. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Grunntaxti bensíngjalds, þungaskatts og dagsekta er miðaður við vísitölu 1. október 1985, þ.e. 229 stig.

Heimilt er ráðherra að láta hækkun, er hann kann að ákveða á bensíngjaldi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, ná til bensínbirgða sem til eru í landinu þegar hækkunin tekur gildi. Getur ráðherra ákveðið að þeir, sem hafa bensín til umráða er hækkun tekur gildi, séu skyldir til að tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs og aðstoða hann við könnun birgða sé þess óskað.

Útsöluverð á bensíni skal hækka sem nemur bensíngjaldi.

4. Við 4. gr. Greinin falli brott.

5. Við bætast fjórar nýjar greinar er orðist svo:

a. (5. gr.)

8. gr. laganna, er verður 7. gr. þeirra, orðast svo:

A.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í A-lið 4. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þegar bifreið er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarkerkis ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn reiknast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að rétttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarkerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a.m.k. 30 daga samfelld.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts samkvæmt A-lið 4. gr. sanni þeir með vottorði frá hlutaðeigandi skattstjóra að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri, svo og lýsi yfir því að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

B.

Þungaskatt samkvæmt B-lið 4. gr. skal greiða þrisvar á ári eftir á og eru gjalddagar skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október ár hvert en eindagi síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skatturinn skal greiddast fyrir hvert gjaldtímabil sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis eða bifreiðaeftirlits á síðustu 20 dögum hvers gjaldtímabils, þ.e. á tímabilunum 20. janúar til 10. febrúar, 20. maí til 10. júní og 20. september til 10. október ár hvert, og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Ef taka þarf ökumæli úr bifreið til viðgerðar skal setja annan ökumæli í stað hans. Nú verður því ekki við komið og er þá heimilt að veita tímabundna heimild til aksturs bifreiðarinnar gegn greiðslu daggjalds sem innheimtumaður ákveður. Við slíka ákvörðun er honum heimilt að miða við meðaltal ekinna kílómetra á dag á

næstliðnu álesturstímabili samkvæmt álestursbók eða sambærilegu tímabili fyrra árs enda teljist það edlilegt eftir atvikum.

Sé ekki komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma skal það varða eiganda eða umráðamann viðurlögum og falla þau á án sérstakrar tilkynningar. Viðurlög þessi skulu vera 120 kr. á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Skal innheimta þeirra ekki falla niður þó að álestur fari síðar fram.

### C.

Þungaskatt samkvæmt C-lið 4. gr. skal greiða við komu bifreiðar eða vagns til landsins enda sé ökutækið ekki útbúið fullnægjandi ökumæli. Sé ökutækið útbúið ökumæli skal lesið á hann við komu og aftur við brottför og innheimta þungaskatt í samræmi við það.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag ákvörðunar og innheimtu þungaskatts af gjaldskyldum ökutækjum samkvæmt C-lið 4. gr.

#### b. (6. gr.)

9. gr. laganna, er verður 8. gr. þeirra, orðast svo:

Innheimtu bensíngjalds og þungaskatts annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem ráðherra skipar fyrir. Bensíngjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

#### c. (7. gr.)

10. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 78/1977, er verður 9. gr. þeirra, orðast svo:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni allur sá þungaskattur sem gjaldfallinn er á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skráningarkerki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu skattsins.

Skráning eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema þungaskattur af bifreiðinni samkvæmt 4. gr. sé greiddur til næsta gjalddaga, en til umskráningardags sé um þungaskatt samkvæmt ökumæli að ræða.

Oheimilt er að skipa út gjaldskyldu ökutæki samkvæmt C-lið 4. gr. nema sannað sé að þungaskattur af því hafi verið greiddur.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumans eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina hvar sem hún fer og taka merki hennar til geymslu svo sem að framan segir.

Þá skal það varða eiganda eða umráðamann viðurlögum er samsvara allt að 10 000 km akstri á mánuði sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Fyrir ítrekað brot mega viðurlög þessi samsvara allt að 15 000 km akstri á mánuði. Þá skal og heimilt að taka bifreið eða vagn úr umferð sé ökumælir ekki settur í á tilskildum tíma eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Á sama hátt er heimilt að taka úr umferð bifreið eða vagn hafi ökumælir verið misnotaður, innsigli í honum rofið eða önnur brot framin gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

#### d. (8. gr.)

12. gr. laganna, er verður 11. gr. þeirra, orðast svo:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum ekki greidd í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Pungaskatti, dagsektum og viðurlögum fylgir lögtaksréttur. Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

6. Við 5. gr., er verði 9. gr., bætist ný mgr. svohljóðandi:

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 79 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. einnig l. nr. 78/1977 og l. nr. 3/1986, og gefa þau út svo breytt.